



## Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA starfsárið 2018-2019.

Fundur stjórnar SSA var haldinn í síma 12. september og hófst kl. 9:00

Mættir voru Einar Már Sigurðarson, Gauti Jóhannesson, Gunnar Jónsson, Pálína Margeirsdóttir, Stefán Bogi Sveinsson, Stefán Grímur Rafnsson, varamaður Sigríðar Bragadóttur og verkefnastjóri sveitarstjórnarmála sem ritaði fundargerð. Hildur Þórisdóttir boðaði forföll.

Einar Már Sigurðarson formaður setti fundinn.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

- 1. Kjör varaformanna.**
- 2. Tilnefningar í stjórn Austurbrúar, 3 aðalmenn og 1 til vara – sjá meðfylgjandi póst frá Skúla Birni**
- 3. Hentugur fundartími fyrir stjórnarfundi.**
- 4. Önnur mál.**

**1. Kjör varaformanna.**

Tillaga er um að Gunnar Jónsson verði 1. varaformaður og Hildur Þórisdóttir verði 2. varaformaður. Það er samþykkt samhljóða.

**2. Tilnefningar í stjórn Austurbrúar, 3 aðalmenn og 1 til vara.**

Samkvæmt samþykktum SSA er framkvæmdaráðið tilnefnt í stjórn Austurbrúar. Tillaga er um Pálinu Margeirsdóttur til vara. Það er samþykkt samhljóða.

**3. Hentugur fundartími fyrir stjórnarfundi.**

Þriðjudagar henta best og stefnt verður að því að hafa fundi þá.

**4. Önnur mál.**

4.1 Framlög vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða á vegum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins kynnt. Sveitarfélögum hafa verið sendar upplýsingar um framlögin og þau beðin að senda inn tillögur.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:15.

Einar Már Sigurðarson

---

Gauti Jóhannesson

---

Gunnar Jónsson

---

Pálína Margeirsdóttir

---

Stefán Grímur Rafnsson

---